

viðurkennda, að honum beri að greiða stefnufjárhæðina samkvæmt kaupsamningnum.

Af hálfu stefnda var við þingfestingu máls þessa sótt þing og tekinn frestur til greinargerðar, en við fyrirtöku málsins í dag var ekki sótt þing af hálfu stefnda og málið þá dómtekið að kröfu stefnanda.

Ber því samkvæmt 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma mál þetta eftir kröfum og málsútlitun stefnanda.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu framangreinda kaupsamninga og afsöl ásamt endurriti dóms svo og ljósrit skuldabréfa, og eru gögn þessi í samræmi við framangreint, og þar sem engir gallar eru á málalíbúnaði, er frávísun varði ex officio, verða kröfur stefnanda teknar til greina að fullu.

Málskostnaður ákveðst kr. 110.000.

Dómsorð:

Stefndi, Einar M. Jóhannesson, greiði stefnanda, Hauki Benediktssyni, kr. 1.015.543 ásamt 2% vöxtum á mánuði af kr. 917.543 frá 1. maí 1975 til greiðsludags og kr. 110.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 8. september 1978.

Nr. 134/1978. Gísli G. Ísleifsson

gegn

Sigurjóni Pálssyni og

Páli Sigurjónssyni.

Kærumál. Kærufrestur. Máli vísað frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Logi Einarsson.

Sóknaraðili hefur með heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr.

laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. júlí 1978, er barst Hæstarétti 27. s. m. Verður að ætla, að þess sé krafist, að frávísunardómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. júní 1978 verði úr gildi felldur og að lagt verði fyrir héraðsdóm að dæma um efni málsins. Eigi er sýnilegt, að krafa sé uppi höfð um kærumálskostnað.

Eigi hefur borist greinargerð frá varnaraðiljum.

Í athugasemdum héraðsdómara, sem ritaðar eru í samræmi við 27. gr. laga nr. 75/1973, greinir, að endurrit héraðsdóms hafi verið sent sóknaraðilja 14. júní 1978 í póstköröfubréfi, er vitjað hafi verið 19. s. m. Verður við það að miða, að þá hafi sóknaraðili fengið vitneskju um dóminn. Kæra sóknaraðilja 19. júlí 1978 barst héraðsdómara samdægurs. Samkvæmt því er mál þetta kært eftir að kærufresti lauk, sbr. 1. mgr. 22. gr. laga nr. 75/1973, og ber að vísa því sjálfkrafa frá Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 9. júní 1978.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. maí sl., hefur Gísli G. Ísleifsson hæstaréttarlögmaður, Hamraborg 1, Kópavogi, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 12. apríl sl., gegn Sigurjóni Pálssyni, Holtsbúð 23, Garðabæ, og Páli Sigurjónssyni, sama stað. Mál þetta var upphaflega höfðað sem áskorunarmál og þingfest 25. apríl sl., en vikið 5. maí sl. til meðferðar samkv. lögum nr. 85/1936, og lagði stefnandi þá fram sókn í málinu. Í stefnu krefst stefnandi greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 200.000 ásamt 3% vöxtum á mánuði frá 5. janúar 1978 til greiðsludags, af þeirri fjárhæð, og kr. 2.900 í afsagnarkostnað og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ, allt að frádregnum kr. 150.000. Í sókn stefnanda segir m. a.: „til leiðréttingar og skýringar áður fram kominni stefnu og stefnukröfum er krafist: 3% vaxta af kr. 50.000 frá 3. des. 1977 til 31. des. 1977, 3% vaxta af kr. 90.000 frá 3. jan. 1978 til 31. jan. 1978, 3% vaxta af kr. 50.000 frá 31. jan. 1978 til greiðsludags, ennfremur er krafist málskostnaðar skv. gjaldskrá L.M.F.Í. og áfallins kostnaðar stimpilgj., afsagnar, innh.kostn., samtals kr. 3.800“. Í stefnu segir stefnandi, er hann lýsir málavöxtum og málsástæð-

um: „Skuld þessa kveður stefnandi vera samkv. 2 víxlum, útg. 15. 9. 1977 að fjárhæð kr. 50.000 til greiðslu 2. 12. 1977 í Búnaðarbanka Íslands og kr. 150.000 til greiðslu 3. 1. 1978 í Búnaðarbanka Íslands. Báðir víxlarnir hafi verið samþykktir af stefnda, Sigurjóni Pálssyni, og útgefnir af Páli Sigurjónssyni, einnig stefndum. Víxlarnir hafi verið afsagðir sökum greiðslufalls. Í des. 1977 hafi stefndi, Sigurjón, greitt kr. 120.000 inn á skuldina, þannig að eftir standi kr. 80.000. Þann 31. jan. 1978 hafi stefndi Sigurjón enn greitt kr. 30.000, eða samtals greitt af kröfu kr. 150.000“. Umboðsmæður stefnanda kveðst hafa sent stefnda Sigurjóni Pálssyni innheimtubréf þann 12. janúar 1978, þar sem skorað hafi verið á hann að greiða skuldina. Páll Sigurjónsson hafði þá áður greitt kr. 120.000 inn á skuldina. Þá hafi hann einnig greitt inn á skuldina þann 31. janúar 1978 kr. 30.000, en hafi síðan ekki fengist til þess að sinna skuldinni frekar.

Stefndu hafa hvorki sótt þing né sækja látið, og er þeim þó löglega stefnt. Verður þá samkv. 2. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum. Stefnandi hefur lagt fram frumrit víxlanna með formlega lögmatrí heimild sér til handa svo og afsagnargerðir þeirra. Samkvæmt 93. gr. víxillaga nr. 93/1933 skal í afsagnargerð rita eftirrit af víxli eða eftirriti hans og öllu því, er á honum stendur. Afsagnargerðin er lögskipað sönnunargagn um þessi atriði. Eitt af formskilyrðum víxils er, að á hann sé ritaður útgáfudagur, samanb. 1. gr. víxillaga. Á framlagðri afsagnargerð vegna „víxils“ pr. 3. janúar 1978 að fjárhæð kr. 150.000 er eyða, þar sem geta á útgáfudags víxils. Stefnandi fullyrðir, að „víxillinn“ hafi verið útgefinn 15. sept. 1977, og er sú dagsetning rituð á hann. Þrátt fyrir það verður að telja ósannað, að útgáfudagur hafi verið á „víxlinum“, er hann var afsagður, og hann því ekki uppfyllt ótvírætt formskilyrði víxils. Stefnandi hefur ekki í málflutningi sínum gert grein fyrir ósamræmi þessu milli afsagnargerðarinnar og „víxilsins“. Með vísan til framanritaðs ber því að vísa öllum kröfum stefnanda samkv. „víxli“ þessum frá dómi ex officio. Kemur þá til álita krafa stefnanda samkv. víxli pr. 3. des. 1977 að fjárhæð kr. 50.000. Stefnandi kveðst þegar hafa fengið greiddar kr. 150.000 vegna skuldar þeirrar, er hann krefur stefndu um í máli þessu.

Það er álit dómsins, að stefndu hafi þegar greitt stefnanda skuld þessa ásamt kostnaði að fullu og stefndu verði því ekki í máli

Þessu gert að inna af hendi frekari greiðslu til stefnanda. Verður máli þessu því í heild sinni vísað frá dómi ex officio.

Dóm þennan kveður upp Hlöðver Kjartansson, fulltrúi bæjarfógeta.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dómsins vegna anna dómarans við önnur embættisverk.

Dómsorð:

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.

Fimmtudaginn 21. september 1978.

Nr. 139/1978. **Ragnar Björnsson**
 gegn
Tónlistarfélagi Keflavíkur
Tónlistarskólanum í Keflavík
og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Kærumál. Varnarþing. Frávísunardómur staðfestur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson og Þór Vilhjálmsson.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 18. júlí 1978, er barst Hæstarétti 15. ágúst s. á. Krefst hann þess, að frávísunardómur bæjarþings Reykjavíkur 10. júlí 1978 verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir héraðsdómara að leggja efnisdóm á málið. Þá krefst hann kærumálskostnaðar úr hendi varnaraðilja.

Varnaraðiljarnir Tónlistarfélag Keflavíkur og Tónlistarskólinn í Keflavík krefjast staðfestingar á frávísunardóminum og kærumálskostnaðar úr hendi sóknaraðilja.

Frá fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.